

AUGLÝSING

um gildandi lyfjastaðla á Íslandi.

1. gr.

Norræna lyfjaskráin (Ph.Nord.63) ásamt viðaukum hefur verið numin úr gildi, nema framleiðsluforskriftir í bindi III ásamt viðaukum, sem halda gildi sínu uns annað verður ákveðið.

2. gr.

Framleiðsluforskriftir danska lyfseðlasafnsins DD 63 ásamt viðaukum verða áfram í gildi uns annað verður ákveðið, en aðrir hlutar þess falla úr gildi.

3. gr.

Framleiðsluforskriftir danska apótekarafélagsins (DAK 63) ásamt viðaukum verða áfram í gildi uns annað verður ákveðið, en aðrir hlutar þess falla úr gildi.

4. gr.

Skrá yfir staðla fyrir hráefni í lyf ásamt stöðlum fyrir hráefni í lyf sem greindir eru í dönskum lyfjastöðlum 1978 (Danske Lægemedelstandarder 1978) er gildandi.

Ákvæði um framleiðslu lyfja og staðlar fyrir lyfjaform og lyf í dönskum lyfjastöðlum 1978 eru gildandi.

Skrá yfir staðla fyrir líffræðilegar ákvarðanir í dönskum lyfjastöðlum 1978 er gildandi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. janúar 1978.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar nr. 366 27 október 1977.

Við kafla D. HITUN í gjaldskránni bætist eftirtaldir gjaldskrárliðir:

7. Um kWh.-mæli á kr. 5.69 hverja kWh til hitunar á bilgeymslum og þeim stöðum, þar sem hitunar er aðallega þörf að vetri til enda megi rjúfa strauminn í allt að 5 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
8. Um kWh.-mæli á kr. 7.56 hverja kWh til notkunar fyrir leirbrennsluofna, enda megi rjúfa strauminn á tímabilinu kl. 10.30—12.30 og kl. 17.00—20.00.

Gjaldskrárbreyting þessi sem samþykkt hefur verið í Bæjarstjórn Hafnarfjarðar er hér með staðfest samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 24. janúar 1978.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.